

Skipulags- og samgönguráð  
Borgartún 14  
105 Reykjavík Reykjavík

**Leiðrétting – bókun fulltrúa í íbúaráði Grafarvogs vegna svar við fyrirspurn um afgreiðslu skipulags- og samgönguráðs á deiliskipulagstillögu um veltengingu við Gufunes**

Þann 6. janúar síðastliðinn sendi undirritaður bókun fulltrúa í íbúaráði Grafarvogs vegna svars umhverfis- og skipulagssviðs dags. 7. desember 2021 við fyrirspurn íbúaráðs Grafarvogs um afgreiðslu skipulags- og samgönguráðs á deiliskipulagstillögu um veltengingu við Gufunes, sbr. 3. liður fundargerðar ráðsins.

Vegna mistaka fór röng útgáfa af áður nefndri bókun í bréf undirritaðs frá 6. janúar síðastliðnum.

Þetta leiðrétting er með og send er rétt bókun hér að neðan.

Á fundi íbúaráðs Grafarvogs þann 5. janúar síðastliðinn var lagt fram svar umhverfis- og skipulagssviðs dags. 7. desember 2021 við fyrirspurn íbúaráðs Grafarvogs um afgreiðslu skipulags- og samgönguráðs á deiliskipulagstillögu um veltenginguvíð Gufunes, sbr. 3. liður fundargerðar ráðsins.

Fulltrúi Sjálfstæðisflokks, fulltrúi íbúasamtaka, fulltrúi foreldrafélaga og slembivalinn fulltrúi lögðu fram svohljóðandi bókun:

Íbúaráð Grafarvogs hvarmar afgreiðslu skipulagsráðs varðandi deiliskipulagstillögu um nýja veltengingu að Gufunessvæðinu. Íbúaráðið hefur ítrekað óskað eftir úrbótum þarna og lagt fram tillögur sem eru til þess fallnar að bæta öryggi og flæði núverandi vegar og gatnamóta, sem mun nýtast öllum sem um þau fara. Ekkert hefur verið hlustað á okkar rök og tillögur, því miður og nú hefur borgarráð samþykkt framkvæmdina á fundi 5649 undir lið 4. Ráðið ítrekar enn og aftur fyrri tillögur og skorar á borgaryfirvöld að endurskoða þetta mál.

Þessu er hér með komið á framfæri auk þess sem beðist er velvirðingar á mistökunum.

Virðingarfyllt,  
Heimir Snær Guðmundsson  
*Miðlæg stjórnsýsla*  
*Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa*  
*Starfsmaður íbúaráða Reykjavíkurborgar*

**Íbúaráð Grafarvogs 1. desember 2021: Fyrirspurn íbúaráðs Grafarvogs íbúaráðs Grafarvogs um afgreiðslu deiliskipulagstillögu vegna veltengingar við Gufunes. MSS2110024**

Á 122. fundi skipulags- og samgönguráðs sem haldinn var í morgun, 1.12. 2021 var á dagskrá deiliskipulagstillaga um bráðabirgðavegtengingu að Gufunessvæðinu með nýjum gatnamótum á Strandvegi. Hvernig var hún afgreidd og með hvaða rökum? Íbúaráð Grafarvogs andmælti tillögunni með rökum á fundi ráðsins í maí og kom með hugmynd að útfærslu veltenginga. Var samþykkt deiliskipulagstillaga í samræmi við umsögn ráðsins?

**Svar umhverfis- og skipulagssviðs dags. 7. desember 2021 við fyrirspurn íbúaráðs Grafarvogs um afgreiðslu skipulags- og samgönguráðs á deiliskipulagstillögu um veltengingu við Gufunes.**

Umrædd deiliskipulagstillaga var afgreidd á fundi skipulags- og samgönguráðs með eftirfarandi texta:

„Deiliskipulagstillaga samþykkt sbr. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með þeim breytingum sem koma fram í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. nóvember 2021. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins sátu hjá.

Vísað til borgarráðs.“

Allar fundargerðir skipulags- og samgönguráðs er að finna á vef borgarinnar,

<https://reykjavik.is/fundargerdir>, ásamt fylgigögnum, m.a. umsögnum skipulagsfulltrúa eins og í þessu tilviki þar sem fram kemur afstaða skipulagsfulltrúa í málinu.

Bestu kveðjur,

**Glóey Helgudóttir Finnsdóttir**  
Skrifstofustjóri, skrifstofu sviðsstjóra  
Sími/Tel.: +354 411 1111  
[gloey.finnsdottir@reykjavik.is](mailto:gloey.finnsdottir@reykjavik.is)



Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar  
Borgartúni 12–14, 105 Reykjavík  
[www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is)